

SKÓGARVÖRÐURINN Á AUSTURLANDI

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1983

Jón Loftsson

I. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1983 fyrir Hallormsstað:

Mánuðina jan., febr. og mars var hitastigið til jafnaðar hálfu stigi hærra en meðaltalið.

Rigningin 23.-24. jan. var samanlagt 56 mm. Veðurhæð var 8.8 þann 22. Og hámarkshitinn þann dag var 11,6 stig.

Lækir í skóginum urðu bakkafullir um kvöldið 23. jan.

Hæsta hitastig í febr. var 11,0 stig og í mars 12,0 stig. Snjódypt var mest í jan., 26 cm., en í febr. og mars 17 cm. Dagafjöldi er var alautt í jan. febr. og mars var 31 sólarhring. Frost í jörð á vetrinum var þykkast 29 cm.

Í apríl var hávetrarveður til 25. Í þeim mánuði fór frostið 14 daga í 5,0 og meira. Var hitastigið þann 9. -13,0, 19. -11,0, 24. -15 og 25. -10,0. Mánaðardagana 16. og 17. var vindur N.V. 7.

12 cm. þykkur ís hélst í mánuðinum í Fljótinu, er var hinn þykkasti á vetrinum. Í apríl var NV-átt í 12 daga. Það byrjaði að hlýna 26. apríl. Þá komst hitinn í 7 stig. Og var snjólaust eftir það í mánuðinum.

Í maí voru litlar breytingar á hitastigi til 25. Algengust var hæg A og NA-átt. Þann 26 komst hitinn í 10,0 stig. Það rignði mikið fyrri hluta mánaðarins, svo að í mánuðinum var tvöfalt meðalúrfelli. Að loknum hlýju dögum frá 26-28. var orðið 30 cm þítt niður á klaka.

Það byrjaði að örla fyrir grænum blöðum á lerki 16. maí. Og einnig byrjaði alaskaösp þann dag að sprengja brumhlífar.

Í júní var meðalhitinn 2,0 stig fyrstu 3 dagana, jafn hár og síðustu 3 dagana í maí. En þann 6. er sunnan átt og hlýindi voru búin að vara í 3 daga, var efsta borð jarðvegsins farið að þorna það mikið að hægt var að vinna að jarðabótum.

Frá 4. til 19. júní var meðalhitinn 8,8 stig. Voru lauftré og lerki fullútsprungin skömmu fyrir 20. júní. T.d. birkiskógurinn þann 19. og lerkiskógurinn 16. júní. Tún urðu algren þann 15. Þá blómguðust flestar blómplöntur (vorblóm) hálfum mánuði seinna en í meðalári. Frost fór að

fullu úr jörð frá 25-28 júní. Algengust var í mánuðinum sunnan og suðvestanátt.

Hlýindin sem byrjuðu 27. júní, héldu áfram í júlí að undanteknum 17. og 18. og svo 31. júlí. Er vika var liðin af júlí fór hitinn enn hækkandi, skógargróður byrjaði að vaxa ört og túngrös tóku örum framförum, því að það hjálpaði til að jarðraki var nægilegur, eftir hið ríkulega úrfelli í maí og júní.

Og er leið á hitakaflann, frá 20. til 29. júlí, voru árssprotarnir mjög víða í ungum vöxtulegum greni- og lerkiplöntunum orðnir lengri en þeir hafa verið síðustu 4 árin. En aftur var vöxturinn mjög misjafn og í minnsta lagi í sumum eldri plöntunum. Og er orsakanna til þess meðfram að leita til mikilla þurrka í fyrrasumar.

Í ágúst var meðalhitinn 7,0 stig. En 2. ágúst fór hlýnandi, var meðalhitinn 11,0 stig frá 2. til 28. Og fram að 21. ágúst var hitinn við jörð langtum hætti en hann var af og til fram um 20. júlí. Hitinn lækkaði 29. og var 5,3 stig frá 29. til 31. Úrfellið var 1/5 yfir meðallagi og sól 20 klst. yfir meðallagi. Fram að 23. var hagstæð vaxtartíð. Grenitegundir og furu-, sem fyrr er drepið á, bættu við hæð sína fram eftir fyrstu vikunni. Og allvíða var þá há talsvert sprottin á túnunum.

Vöxtur birkiskógarins (birkis allt að 50 ára aldri) er hvað jafnastur og bestur í sumar, þótt farið sé 25 ár aftur í tímann. Ryðsveppur sást varla á nokkru birkiblaði og maðkétin birkiblöð voru vandfundin.

Í september var hitinn með því allra lægsta er mælst hefur. Hinar svölu nætur frá 4. til 11. bjargaði það gróðrinum að hafgola var á kvöldin. Það voru 10 sólskins dagar fram að 14. Þá daga voru brumin á lerkinu óðum að lokast. Fór það töluvert eftir kvæmum og einnig dálítið staðháttum, hvað þau voru fljót að lokast. Lauftré voru þá einnig að ganga frá sér fyrir veturinn. Brumin á reyniviði virtust lokast bara vel. Og einnig brum og sprotar Alaskaasparinnar, þar sem vöxturinn í sumar er ekki mjög mikill.

Úrkoman í september nálgast að vera helmingi meiri en í meðallagi.

Í október var mjög umhleypingasöm tíð. Einnig voru tíðar áttabreytingar í mánuðinum. Úrfellið var þriðjungi meira en í meðallagi. Snjór var á jörð 3 daga, mest 7 cm djúpur.

September og október voru með lægra hitastig samanlagt en áður síðan mælingar hófust.

Lægsta hitastig var aðfaranótt 28., -8,1 stig.

Í nóvember var mjög hagstæð tíð. Það var óvenjulega lengi samfellt hægviðri í mánuðinum, eða frá 8. til 18. Var skyggni yfir 50 km. á öllum athugunartímum þá 10 daga. Í nóvember var lægsta hitastig um miðjan daginn 29., -13,1 stig. Vindur var hægur köldustu dagana, bæði í október og nóvember.

Í desember var mild tíð til 20. Var þá austlæg átt algengust. En frá 21. til áramóta var algengust NV-átt. Var meðalhitinn á því tímabili 4 gráður fyrir neðan meðallag.

Tún voru um það bil 1/2 græn er kólna tók þann 21. desember. 16 cm. frost var í jörð í lok ársins.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð og í mælaskýli á tímabilinu frá 10. maí til 30. september

Tafla II.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	10	1,0	-0,3
-	12	0,7	-0,5
-	13	0,5	-0,5
-	14	0,4	-0,5
-	15	0,2	-0,2
-	18	0,7	-1,2
-	19	0,7	-0,4
-	20	0,8	-0,2
-	21	-0,2	-1,3
-	22	0,6	-0,5
-	24	0,8	-0,2
-	25	0,7	-0,3
-	26	0,4	-4,6
-	27	0,7	-4,0
-	29	0,4	-0,4
-	30	0,3	-0,7
-	31	0,7	-0,3
Júní	1	0,4	-2,3
-	2	-0,3	-2,5
-	14	-0,3	-3,4
-	15	3,8	-2,5
-	30	4,2	-1,1
Júlí	19	1,8	-2,6
Agúst	19	4,5	-0,3
-	22	2,9	-1,4
-	23	0,9	-3,1
-	30	2,2	-0,5
Sept.	2	1,3	-1,5
-	3	1,7	-0,4
-	4	-1,5	-5,3
-	5	0,7	-1,8
-	6	1,7	-1,0
-	7	-2,1	-5,9
-	8	-0,3	-3,3
-	9	0,4	-3,0
-	10	0,7	-2,3
-	11	-0,9	-4,9
-	12	3,8	-0,8
-	13	4,3	-1,3
-	22	0,7	-2,6
-	23	-0,3	-0,5
-	24	-4,2	-4,8
-	26	3,3	-0,6
-	27	-0,3	-2,7
-	28	-1,4	-5,0
-	29	-4,0	-8,1
-	30	0,0	-3,0

1.4. Tafla III. Hiti 20 gráður og meira un sumarið.

Mánuður	Dagur	Hámarkshiti C°
Júní	27.	21,0
-	30.	19,8
Júlí	9.	20,2
-	12.	19,6
-	20.	21,9
-	21.	20,3
Ágúst	4.	19,9
-	19.	19,6
-	24.	21,7
Mesta frost un veturinn varð:		
Janúar	17.	-12,6
Nóvemb.	29.	-13,1
Desemb.	23.	-13,4
-	24.	-13,2

II. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Lauftré	laufgun	lauffall
Birkiskógurinn	19. júní	13. okt.
Láglandsbirki Storhoven	17. júní	
Alaskaösp frá '52	11. júní	12. okt.
Ísl. ösp frá Geststöðum	18. júní	30. sept.
Ísl. ösp frá Egilsstöðum	20. júní	
Lerki		
Lerki Arkangelsk frá '38	17. júní	20. okt.
- Senkursk	16. júní	
- Irkútsk	15. júní	17. okt.
- Hakaskoja	15. júní	17. okt.
- Altai	17. júní	21. okt.
- Raivola	16. júní	20. okt.
Mið-Evrópulerki N-Mörk	20. júní	1. nóv.
- Stórhól		1. nóv.
- Gråbunden í Hólum		24. okt.
- Tyrol í Hólum		27. okt.

2.2. Vöxtur.

Vöxtur var almennt betri í ár en verið hefur síðastliðin 4 ár. Áberandi var hversu góður vöxtur var í ungum birkiskógi og birkiteinung.

Þó sumarið væri stutt gerðu hlýindi í júlí og ágúst útslagið og allflestar trjátegundir og kvæmi náðu að þroska gilda sprota og brum.

2.3. Fræfall.

Fræmyndun var með mesta móti og komu hér starfsmenn Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá í október og söfnuðu töluverðu af fræi af ýmsum tegundum og kemur það fram í fræbirgðaskýrslu Rannsóknarstöðvarinnar.

Ennfremur safnaði Páll Guttormsson fræi sem hér greinir:

- a. Birki.1) af 4 völdum trjám í trjábeltinu í
N-Mörk..... 3,30 kg.
2) af völdum trjám í trjálundinum í
Hrafnsgerði..... 1,20 kg.
3) af 10 m háu tré með ljósum berki
í Ranaskógi..... 0,275 kg.
4) af trénu frá Rognan í Noregi..... 0,025 kg.
5) af trénu í Mörkinni frá Tammerfors
í Finnlandi..... 0,016 kg.

Alls 4,816 kg.

b. Broddfura. Af trjám í N-Mörk og við Húsmæðra-
skólann, 50 l. af könglum.

Alls 0,4 kg. af fræi m/vængjum.

c. Lindifura. Af trjám í Mörk, alls 15 l af könglum.

d. Reyniviður. Reyniviðarberjum úr trjábelti við
Hallormsstað. Áttað af trjám í
garðinum á Hrafnkelsstöðum.

Alls 3,0 kg af ópurrrkuðum berjum.

Sáð 25. okt. í 12 m².

2.4. Skaðar.

2.4.1. Frost.

Þann 19. júlí var hitastig við jörð -2,6 stig. Kartöflugrös létu á sjá en engar skemmdir sást á trjáplöntum í reitnum.

2.4.2. Skordýr.

Nokkuð bar á könguling á sitkagreni og blá-greni í reit. Sprautað var með K.

Varla sást birkimaðkur í skóginum.

2.4.3. Sveppasjúkdómar.

Nokkuð bar á Douglas-sveppnum á lerki og virtist hann gera meiri usla í ungum skógar-teigum í Fljótsdal heldur en hér á Hallorms-staðarsvæðinu.

2.4.4. Snjóþyngsli.

Vetur var með eindæmum snjóléttur en þó nokkrar skemmdir urðu á birkiskóginum vegna bleytusnjós sem kom í lok apríl.

2.4.5. Fuglar og spendýr.

Rjúpa nartaði í limerðisplöntur í reit og eins eyðilögðu kindur nokkuð af reyni-
viðargarðplöntum í haust. X

III. STARFSFÓLK.

Alls komust 64 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins Hallormsstað árið 1983. Þar af má telja 9 starfsmenn sem unnu allt árið.

Launagreiðslur til fólks eftir ASÍ-töxtum..... 2.904.700 kr.

Launagreiðslur til fólks í BSRB og BHM..... 728.000 kr.

Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir var verkstjóri í gróðrarstöð og sá um rekstur hennar. Skúli Björnsson var verkstjóri í skógi og sá um skógarhögg, gróður-setningu og girðingarvinnu að mestu leyti.

Böðvar Guðmundsson skógtæknir starfaði hér í 4

mánuði í sumar og stjórnaði gróðursetningu að hluta.

Sigvaldi Ásgeirsson skógfræðingur var hér í 5 vikur í febrúar og mars og lauk við gróðurkort af skóginum.

Fjórir menn frá Rannsóknarstöðinni á Mógilsá voru hér í 3 vikur, mældu tré í tilraunareitunum og jafnframt var safnað fræi af ýmsum tegundum.

IV. GIRÐINGAR.

4.1. Viðhald.

a) Hallormsstaðargirðing.

Farið var með girðingunni í vor og hún gerð fjárheld. Þó var lítið hægt að gera þá vegna klaka í jörðu og snjóa í giljum. Seinna var farið og bætt í staurum og styttum. Tvö horn voru grafin upp, endurgirt í grafningi í Ásum og lagfært eins og venjulega á Gilsáreyri.

Endurgirða þarf kafla á Hallormsstaðarbjargi og fyrir utan Staðarárgil.

Þetta var notað af efni:

70 staurar

40 styttur

2 pk. lykkjur

stagvír.

b) Jórvíkurgirðing.

Farið var með girðingunni, skipt um staura og styttur og gert við nokkur sig. Netið var hengt upp í giljunum tveim sem alltaf bilar í.

Girðinguna þarf að endurnýja á löngum köflum á næstu árum.

Þetta efni var notað:

40 staurar

50 styttur

1 pk. lykkjur

1 r. net

1/2 r. gaddavír

stagvír.

c) Eiðagirðing.

Farið var með girðingunni, skipt um staura og stytur, gert við sig í nýju girðingar-línunum og hlaðið undir. Það þurfti meira viðhald á nýju girðinguna vegna þess að ekki hefur verið gengið nógu vel frá sigum og hafði hún lyfst vegna frosts allvíða.

Negldar voru upp stytur á nýju girðinguna og er það að mestu búið.

Þetta var notað af efni:

10 staurar

150 stytur

2 pk. lykkjur.

d) Múlasterkksgirðing.

Farið var með girðingunni, skipt um staura og stytur og hlaðið undir. Girðingunni var tyllt upp, uppi á brún og efst að utanverðu og var ætlunin að reyna að endurgirða þessa kafla seinna í sumar, en af því varð ekki.

Þessir kaflar fara sennilega svona illa vegna ísingar.

Þetta var notað af efni:

10 staurar

20 stytur

1 pk. lykkjur

30 grannir staurar.

Heildarkostnaður launa í viðhaldi girðinga var kr. 31.525.

4.2. Nýjar girðingar.

Engar nýjar girðingar voru girtar á árinu.

V. SKÓGARHÖGG.

5.1. Viður.

- 11/1-26/1 Grisjaður birkiskermur úr greni-og furu-
stykkjum sem eru fyrir innan vatnsból
Markarinnar, ofan spennistöðvar, innan
og neðan við réttina og inn að skurðgröfu-
skurði.
Fellð voru 1990 tré.
Mælingar voru teknar af handahófi þegar
sagaðir voru staurar úr hlössunum.
Meðaltré úr þessum reit var 3,54 m á
lengd og 6,73 cm í þvermál á miðju.
- 10/2-11/2 Lokið við að fella skerm ofan af rauðgreni
fyrir innan Kerlingará.
Fellð voru 134 tré.
Meðaltré var 4,11 m á lengd og 7,78 cm í
þvermál á miðju.
- 7/2-10/2 Grisjað var lerki fyrir ofan Jónsskóg og
neðan raflínu (upp með Selvegi).
Fellð voru 230 tré.
Meðaltré var 4,43 m á lengd og 7,95 cm í
þvermál á miðju.
- 21/2 Grisjað var lerki í litlu stykki við
Selveg fyrir innan Króklæk.
Fellð voru 59 tré
Meðaltré var 5,03 m á lengd og 9,16 cm í
þvermál á miðju.
- 21/2-24/2 Grisjað var lerki í stykki niður með
Króklæk á móti Jónsskógi.
Fellð voru 580 tré.
Meðaltré var 3,64 m á lengd og 6,62 cm í
þvermál á miðju.
- 24/2-4/3 Grisjað var lerki fyrir ofan Atlavíkurl-
stekk og neðan við Selveg.
Þessi tré voru flest Altai-lerki.
Fellð voru 465 tré.
Meðaltré var 5,08 m á lengd og 7,89 cm í
þvermál á miðju.

14/3-7/4 Grisjun á birkiskermi utan við Atlavíkurlæk neðan við Selveg. Reitir nr. 711/3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 48, 49, 50, 51, 52, 53, 54, 55, 56, 57, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 78, 79, 80, 81, 82, 83, 84, 85, 86, 87, 88, 89, 90, 91, 92, 93, 94, 95, 96, 97, 98, 99, 100.
Fellð voru 724 tré. Engin mæling var gerð.

Lok apríl. Grisjun í Atlavík. Reitir nr. 707/4,7,11,12.

19/7-25/7 Sumarfellt, birkiskermur við Fálkaklett.
Reitir nr. 404/9,16,17.

18/10-27/10 Afkvistað og dregið út. Einnig var viðnum ekið heim.

9/11-25/11 Sagað frá aðalvegi. Engar mælingar gerðar.

5.1.1. Sala girðingarstaura árið 1983.

Tafla IV.

Gerð staura	fjöldi seldra staura
B II	1.490
B III	802
Styttur	2.258
Hornstaurar	31
Skurðbakkastaurar	105

5.1.2. Sala á viði árið 1983.

Tafla V.

Arinviður.....	1.667	pokar.
Efniviður, birki, birkt.....	2.260	dm ³
Efniviður, birki, óbirkt.....	4.443	dm ³
Efniviður, lerki, óbirkt.....	5.949	dm ³
Eldiviður.....	11.900	kg.
Plattar.....	345	stk
Könglar.....	6,6	kg.
Seldur viður alls 80 tonn.		

5.1.3. Engar birgðir voru til í árslok, hvorki viður né staurar.

Kr. 359.271

5.2. Jólatré.

Byrjað var að fella jólatré um mánaðarmót nóv-des. og var byrjað í Hólunum. Þaðan komu fallegustu trén. Annars voru jólatré tekin úr flestum reitum í skóginum.

Tafla VI. Sala jólatrjáa á Hallormsstað 1983

Trjátegund	Stærðarflokkar												
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	15.
Rauðgreni	114	239	242	75	30	17	12	25	11	4	1	1	1
Blágreni	8	20	13	2	2								
Broddgreni		5	2	1	1								
Pinur		9	2	7	1	1	1						
Stafafura	2	10	3	12		1	1						
Alls	124	283	262	97	34	19	14	25	11	4	1	1	1

Stafafurugreinar.....173 kg.

Pingreinar.....113,5 kg

286,5 kg.

Sum 876

VI. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sjá töflu um sáningu. Sáningin í finnska húsinu kom vel út, þó einhver hætta sé á að hluti hafi kalið í haust.

Útisáningin frá '82 í D 1, sem er í körmum undir gluggum hefur komið illa út, en fram að þessu hafa fura og þinur verið best. Því miður fór þinurinn í endurvöxt í haust og hefur því kalið. Grenið er afar lélegt og verður látið bíða eitt ár til.

Sáð var í stóra fjölpottagróðurhúsið sem hér segir: Stafafura 18. maí,

Birki og lerki 24.-31. maí,

Upp komu vandamál þar sem hér var um þrjár tegundir að ræða sem þurfa mismikla vökvun. Birkið þurfti greinilega meiri vökvun en lerkið og stafafuran minnst. Birkibakkarnir sem voru í köntunum þornuðu og fóru illa en stafafuran var gegnsósa og dró því úr vexti. Hægt er að ráða bót á þessu með því að raða öðruvísi í húsið.

Nú sást vel hversu miklu munaði að sáð var einum mánuði fyrr en sumarið '82. Lerki og birki náðu það góðum þroska að þær plöntur verða tilbúnar til gróðursetningar vorið '84. Stafafuran verður aftur á móti eitt ár í viðbót og þá í útiræktun.

6.2. Dreifsetning.

Dreifsetning í beð með brettum tókst vel, vöxtur var góður og engin áföll. Ekki var byrjað að dreifsetja fyrr en 20. júní og stóð dreifsetning til mánaðarmóta júní-júlí.

Alls voru dreifsettar í beð með bretti 48.780 pl.

Dreifsetning í móband hófst 19. apríl og stóð til 20. maí, með smáhléum þó.

Komið hefur í ljós að best gengur þegar þrír vinna verkið.

Alls var dreifsett í móband 48.500 pl.

6.3. Garðplöntur.

Varðandi tegundir, sjá töflu yfir garðplöntur.

Dreifsett var úrval plantna sem tekið var upp haustið '82. Ösp fór mjög illa, árssproti var ónýtur af kali. Sitkagreni og blágreni sem var í reit F var

illa farið af könguling. Glansmispill sem var í pottum var dauður, ef til vill af köfnun í vor.

Garðplöntusalan fór seint af stað hér fyrir austan og verður að teljast léleg á flestum stöðum. Hafður var sami háttur á sölufyrirkomulagi þ.e. að teknar voru niður pantanir af umboðsmönnum og sölubíll fór síðan á staðina á auglýstum dögum.

Sums staðar var salan svo léleg að hún borgaði varla ferðina. Tel ég við verðum að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar nú í vor.

Til að bjarga því sem bjargað varð sendum við mikið magn af plöntum til Reykjavíkur og sá Blómaval um sölu á þeim. Þegar upp var staðið staðið varð útkoman ekki eins slæm og á horfðist um tíma.

6.4. Afhending skógarplantna.

Sjá töflu um afhendingu. Upptaka skógarplantna fer fram á haustin og haustið 1983 hófst upptaka 10. okt. og lauk 2. nóv. Þá voru allar plöntur flokkaðar og frágengnar inni á kæli við -3°C .

Skógarplöntur eru afhentar að mestu á vorin, nánar tiltekið um mánaðarmót maí-júní. Einnig voru afhentar í haust fjölpottaplöntur, sáning frá '82, sem verið höfðu í útiræktun í sumar.

6.5. Illgresiseyðing.

Polanlega gekk að ráða niðurlögum illgresis. Þó náði það sér á strík meðan allir voru önnum kafnir í vorverkum. Snemma um vorið var dreift Caroron en árangur af því varekki sem skyldi, hvað sem því olli. Kantar og auð svæði voru úðuð með glyfosíati og gekk það vel.

Sáningar voru úðaðar með White spirit. Þá var handaflið notað það sem eftir var.

6.6. Nýframkvæmdir.

Í vor var settur nýr dúkur á Deje-húsið, grindin máluð, mænir endurbyggður og útbúnir gluggar og fög, svo nú er hægt að opna alla gluggana með einu handtaki. Einnig var sett acryl-plast á stafna og hurðar og þær settar á brautir.

Í vetur var gert útiplan fyrir og í vor var komið upp braut fyrir útibómu. Sett var upp ný bóma og lagður að henni bráðabirgðarafmagnskapall.

Keypt var notað Vicon-herfi af Ræktunarsambandinu. Þetta er tindaherfi sem tengt er í aflúttak á dráttarvél og gefur jafnari og betri jarðvinnslu heldur en tævari.

Keyptur var mótur og sjálfvirkur stýribúnaður sem setja á up í stóra gróðurhúsinu en uppsetning bíður næsta vors.

6.7. Ýmislegt.

Keyptir voru 3000 fjölpottabakkar. Rúmar hver bakki 95 plöntur. Eigum við þá rúmlega tvöfaldan gang af bökkum í nýja gróðurhúsið en það tekur um 2.750 bakka. Etti þá að geta orðið jöfn framleiðsla á u.þ.b. 250.000 fjölpottaplöntum á ári.

Hluti af lerkiplöntunum í fjölpottunum sem var í útiræktun var skyggður. Gekk það framur vonum því aðstaðan var erfið og útbúnaðurinn ekki fullkominn.

6.8. Kostnaður.

Heildarkostnaður sem færður er á 0904 Gróðrarstöð er sem hér segir:

Launakostnaður.....	836.610 kr.
Vörur og þjónusta.....	<u>363.127 kr.</u>
Samtals	1.194.737 kr.

6.9. Sala

Sala á plöntum var sem hér segir:

Skógarplöntur.....	52.095 kr.
Garðplöntur.....	857.748 kr.
Plöntur sem notaðar voru á Hallormsstað eða voru sendar til annarra stöðva Skógræktar ríkisins.....	<u>2.132.118 kr.</u>

Samtals tekjur gróðrarstöð 3.041.961

VII. GRÓÐURSETNING.

Byrjað var að gróðursetja 3. júní neðan við Freys-
hóla í Hafursárlandi. Unnið var að mestu í ákvæðisvinnu
og gekk verkið mjög vel. Skipti það mestu máli að tekin
voru fyrir mjög stór og samhangandi svæði. Lauk vorgróð-
ursetningu 6. júlí.

Um haustið, nánar tiltekið 29. ágúst, var aftur hafist
handa og þá var plantað fjölpottaplöntum, sáningu frá '82,
bæði skyggðar og óskyggðar plöntur og verður athyglisvert
að fylgjast með hvernig þær koma undan vetri.

Fjölpottaplöntunin var öll í ákvæðisvinnu og gekk
mjög vel, enda var um stór samhangandi svæði í skóglausu
landi að ræða, þ.e. á Hafursá og á Buðlungavöllum.

Alls voru notaðar u.þ.b. 2.700 vinnustundir til að
gróðursetja 237.545 plöntur í landi Hallormsstaðar og
Múlasterks og var kostnaður 280.000 kr, þ.e.a.s.
1,17 kr./pl.

Lið VII. Gróðursetning

Legund	Kvæmi	Aldur	Nr.	Svæði	Hólabörð	Hólar	Kolektim	Hafursá	Buðlungavellir	Múlastekkur	Samtals
Flágreni	Ilighv. Summit	2/4 br.	825	507/1	700v	4.090 ^v					4.790 ✓
auðgreni	Jökullækur	2/2 br.	032	508/5		3.000 ^v					3.750 ✓
varvgreni	Hemmes	-	805	508/6		750 ^v					250 ✓
veigifura	Þagðer	2/2 br.	895	309/9			250 ^v				200 ✓
tafufura	?	br.		309/9			200 ^v				
-	Skagway	1/2 br.	023	202/2				200 ^v			
-	-	-	-	202/6				4.320 ^v			
-	-	-	-	203/6				4.400 ^v			
-	-	-	-	204/2				3.200 ^v			12.120
Indi	-	-	-	202/2				150 ^v			150
fb.lerki	Mörk Hall.	2/2 br.	946	202/4				6.934			
-	Jónsberg	1/1 mb.	068	211/1				4.000			
-	-	-	-	211/2				6.150			
-	-	-	-	216/1				19.350			
-	-	-	-	216/2				10.930			
-	-	-	-	219/1				4.586			
-	-	-	-	219/2				5.450			57.400
fb.lerki	Ulan Ulensk	1/2 br.	029	207/2				8.985			
-	-	-	-	202/5				4.965			
fb.lerki	Altai	1/1 mb.	057	216/3				14.050			13.950
fb.lerki	Modo	1/0 p. x	053	202/3				1.455			14.050
Issalerki	Kuhno	1/2 mb.	031	203/3				330			1.455 ✓
Issalerki	Housjörvi	1/2 br.	046	202/2				500			330
-	-	-	-	203/4				850			
-	-	-	-	204/3				5.630			
-	-	-	-	205/1				16.250			
-	-	-	-	207/1				6.870			
-	-	-	-	208/2				13.400			43.500
fb.lerki	Jónsberg	2/0 p	105	207/4				30.495			
-	-	-	-	210/1				6.935			
-	-	-	-	970/1							
									42.845 ^v		85.590
										5.325 ^v	
										5.325	237.545
					700	7.840	450	180.385 ^v	42.845	5.325	237.545

x/ þessar skýringar eru hvarví gefit

Frjálp. Jónsb. 105 85.600
 - - - - - 47.125
 132.725

VIII. HREINSUN PLANTNA.

8.1. Kjarrhreinsun.

Páll Guttormsson var við kjarrhreinsun og klippti frá barrtrjám og fór yfir eftirfarandi reiti.

<u>Reitur nr.</u> 705/2	Lindifura við Efriveg fyrir utan	Króklæk.	1.200 m ²
- -	716/3 Stafafura við Efriveg fyrir innan	Króklæk.	4.200 m ²
- -	612/8 Lindifura og 10 raðir ísl. rauðgreni fyrir utan Kerlingará.		15.000 m ²
- -	408/8 Lindifura neðan til í Lýsishól		2.800 m ²
- -	408/9 Lerki í þríhyrningnum sunnan við lindifuru.		700 m ²
- -	408/10 Hvítgreni í brekkunni upp af lindifuru í Lýsishól.		2.000 m ²
- -	804/1 Lindifura í Ljósáarkinn neðst utan við Ljósá.		2.000 m ²
- -	804/6 Hvítgreni í Ljósáarkinn fyrir ofan lindifuru.		2.000 m ²
	<u>Samtals</u>		<u>29.900 m²</u>

Í fyrravetur þegar tekinn var skermur ofan af rauðgreni (utan við Atlavíkurlæk og neðan við Selveg) var tekinn allur teinungur og sprautað með glyfosíati í sárið. Tókst þetta mjög vel þar sem engin stubbaskot komu upp í sumar. Er þetta aðferð sem við komum til með að nota í framtíðinni þar sem skermur er endanlega fjarlægður. Í haust var farið með háþrýstidælu og úðað með glyfosíati á teinung í stóra sitkagrenireitnum nr. 404/9,16,17. í Lýsishól.

8.2. Áburðargjöf.

Áburður var borinn á eftirtalda reiti:

<u>Reitur nr.</u>	<u>dags.</u>	<u>tegund áburðar.</u>
612	12/7	Græðir 4
718/3	12/7	Græðir 4
719/4	12/7	Græðir 4
604/2	12-13/7	Græðir 4 innst, Græðir 5 yst
302/7	15/7	Græðir 4
305/12	18/7	Græðir 4
305/5	18/7	Græðir 4
712/1,2,3,4	18/7	Græðir 4

Áburðarmagn var ca. 1 gr. pr. lengdarsentimeter trés.

IX. BYGGINGAR.

9.1. Viðhald.

a) Mörkin, starfsmannabústaður.

Settir voru upp tveir fataskápar í herbergi í vor.

b) Akurgerði.

Byrjað var að einangra húsið og kom þá í ljós að veggir í baðherbergi voru skemmdir og varð þá að taka það upp frá grunni, skipta um plötur, gólfdukk og hreinlætistæki. Búið er að einangra tvo veggir, norður og vestur hliðar, setja vindpappa, fúaverja klæðninguna, sem komin er á aftur að hluta.

Óvíst er hvenær verki þessu lýkur.

9.2. Nývirki.

a) Lagður var gangstígur frá Skemmu að Markarhúsi í byrjun október.

b) Vegir.

Gengið var frá ræsum í nýja veginum ofan við Borgargerði. Ýtt var fyrir nýjum slóðum í Hafurs-árlandi þar sem gróðursetning fór fram í sumar.

Þá fór jarðýtan yfir alla skógarvegina áður en hún fór af staðnum.

X. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Benz U-3357

Síðastliðinn vetur var farið yfir allan bílinn, gert við ýmislegt, og skipt um sumt, krani lagfærður og bíllinn að lokum sprautaður.

Bifreiðaeftirlitið gerði athugasemdir við boddýið sem notað er við plöntuflutninga og varð að breyta því töluvert.

Bifreiðin er mikið slitin enda komin til ára sinna og er því óheyrilega dýr í viðhaldi.

Kostnaður við U-3357 árið 1983 var kr. 201.350.

Ford U-1905

Ekkert meiriháttar viðhald en brýn þörf á nýjum dekkjum.

Ford 5000

Ud 477

Dragliður sem tengir vökvadælu eyðilagðist og þurfti að smíða nýtt. Í byrjun skógarhöggs brotnaði drifið í spilinu og þurfti að fá varahluti erlendis frá.

Gera þurfti nauðsynlegar breytingar á vkva-kerfi vegna nýju arinviðarsagarinnar.

Olíuverkið bilaði og var sent til Reykjavíkur í viðgerð.

Keypt var ný Dalen-viðarsög með sambyggðum vökvakljúfara. Að vinna með þetta tæki er gjör-samanborið við gömlu sögina, sérstaklega hvað varðar öryggi. Þægilegt er fyrir tvo að vinna við sögina og afköstin eru um 100 þokar á dag.

Sögin kostaði hingað komin kr. 48.213.-

Keyptar voru þrjár nýjar keðjusagir, Jonsereds 420, og þrjár kjarrsagir, Jonsereds R-45. Einnig voru keyptir öryggisgallar, varahlutir og fleira.

Geysilegur munur er á þessum sögum og þeim sem fyrir voru. Nýju sagirnar eru léttari, með-farilegri og titra minna. Mæla starfsmenn eindregið með þeim.

Páll keypti einar hjólbörur um mitt sumar.

Keypt var loftpressa sem hefur verið hér í leigu. Er þetta mjög nauðsynlegt tæki vegna hirðinga á mótorsögum.

Keypt hafa verið ýmis verkfæri knúin af loftpressunni, s.s. sprautukanna, lykkill og slípirokkur.

Þess má geta að mest allt viðhald á vélum og tækjum fer fram hér á staðnum.

XI. FLJÓTSDALSAÆTLUN.

Byrjað var að gróðursetja í nýju girðinguna í Viðivalla-gerði. Einnig var gróðursett í girðingar við Skriðuklaustur, Geitagerði, Mjóanes og Strönd. Sjá nánar í töflu VIII.

Ný girðing var girt í landi Hrafnsgerðis og Droplaugarstaða. Lengd girðingar: 1.216 m.

Í girðingu við Skriðuklaustur voru settar 720 stytur.

Hlið á girðingu við Brekku var fært. Steypt var upp nýtt hlið. Verk þetta hefur verið trassað í mörg ár.

Tafla VIII. Gróðursetning, Fljótsdalsáætlan, 1983

		Staðsetning						
Þegund	Kvæmi	Aldur	Nr.	Víðivallagerði	Geitagerði	Mjóanes	Strönd	Alls.
Síb.lerki	Jónsberg	2/0 p.	105	19.000	2.660	7.030	7.410	47.125
		Samtals		19.000	2.660	7.030	7.410	

Vfe. nr.	Viðfangsefni	vinnu- stundir	launa - kostnaður 1983
090300	Stjórnun	619	120.270
090300	Stjórnun, skóggverðsla	53	5.393
090330	Skógggræðsla, ósundurli.	667	73.598
090330	- orlof	784	74.359
090340	- umsjón	199	24.873
090341	- nýjar girðingar	5	1.450
090342	- viðgerð girðinga	301	31.525
090343	- gróðursetning	2.521	280.001
090344	- umhirða nýskóga	353	40.570
090348	- útivistarsvæði	1.302	162.449
090391	- skógarhögg	3.575	359.221
090392	- jólatré	1.037	117.983
	samtals	10.797	1.171.422
090430	Gróðrarstöð ósundurli.	576	58.915
090430	- orlof	488	40.800
090431	- verkstjórn	1.002	110.461
090451	- ræktun skógarpl.	1.366	130.230
090452	- hreinsun	838	72.381
090453	- pottabrettapl.	1.230	106.982
090454	- garðplöntur	4.151	393.392
090456	- jarðabætur	33	3.371
090457	- vetrarumbúnaður	372	36.557
090458	- jarðefnavinnsla	29	3.265
090459	- afgreiðsla	953	91.824
090475	- umhverfi	409	39.129
	samtals	11.447	1.087.307
090600	Rótarskógar	1.252	132.912
090888	Ymis kostnaður, veikindat.	731	67.072
090889	- lögb. fríd.	775	73.160
090889	- des. uppbot	800	43.464
090899	- vinna f. aðra	791	95.608
090899	- v.f.a. des. upp.	100	5.433
	samtals	3.197	284.737
091030	Fljótsdalsáætlun	1.325	159.227
091130	Landgræðsluáætlun	35	3.307
0916	Gróðurhús	294	27.410
0917	Hjólhýsi	0	0
0918	Rekstur húseigna	614	59.072
0920	Hallormsstaðarbar	8	727
0921	Akurgerði	34	3.506
0922	Skemma	14	1.424
0923	Mörkin	137	13.221
0926	Hlaðan og fjósið	64	6.994
0929	Rekstur matarfélags	792	79.726
	samtals	1.957	192.080
0930	Vinnuvélar og verkfæri	445	45.994
0932	U-1905 Ford	75	7.873
0933	U-3357 Benz	818	78.082
0934	Jarðýta	134	14.393
0935	Ford 5000 Ua-477	76	7.791
0936	Ua-366	24	3.607
0937	Ua-11	0	0
0938	U-3829 Lapplander	23	2.441
	samtals	1.595	160.181
0941	Viðhaldsverkefni Akurgerði	93	8.862
	ALLS	32.317	3.320.305

1. Sáning 1983

Tegund	Kvami	Nr.	Kg	M ²	Péttl. p/m ² 83	Athugas.
Sitkagreni	Homer	B-886	0.16	20	600	Finnska
Rauðgreni	Dreijs	C-125	0.14	20	540	-
Blágreni	Rio grande	C-118	0.18	30	450	-
Sitkabastardur	Lýsishóll	C-022	0.10	10	840	-
Pinur	Al Fairbanks	C-032	0.04	12		bakka
S.L.	Altal	C-057	6	2000b	804b	- 160.00
Stafafura	Skagway	C-121	0.25	320b	"	-
Hirki	Mörk Hall	C-076	0.10	400b	"	-
Keynivipur					haust	Finnska

2. Dreifsetning vor 1983

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
<u>Beð</u>					
Stafafura	Bennet lake	0-062	1/0	20.500	D2
Skógarfura	Möre og Romsd	0-051	2/0	6.000	-
Blágreini	San Isobel	0-051	2/0	6.000	-
Sitkagreini		0-001	2/0	1.000	-
R.L.	Jönsberg	0-069	2/0	4.500	-
-	-	0-068	-		
Reyniviður	Hall		1/0	1.200	
-	Hrafnkelsst.		1/0	1.400	
Birki	Jón í skuld		1/0	2.300	
Birki	Hrafnsgerði	0-077	1/0	5.400	tekið úr húsi
Birki	Hall			480	sjálfsað
				48.780	
<u>Móbænd</u>					
Birki	Jón í Skuld		1/0	2.200	
Blágreini	San Isobel	0-051	2/0	4.400	
Sitkagreini		0-001	2/0	2.400	
Stafafura	Bennet Lake	0-062	1/0	39.500	
				48.500	
78.01.24. B. P.					

Það getur verið til bóta að setja sáningarár með nr., t.d. 900/77

3. Skógarplöntur - Afhending · Gróðursetning

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Rússalerki	Hausjörvi	C-046	1/2	43.500 ✓	berrót
Siberíulerki	Ulanulensk	C-029	1/2	13.950 ✓	-
-	Jönsberg	C-068	1/1	57.400	móband
-	Altai	C-057	1/1	14.050.	-
Rússalerki	Kuhmo	C-031	1/2	330	-
Siberíulerki	Jönsberg	C-105	1/0	37.700 132.620	fjölþottar
Rauðgreni	Jökullækur	C-032	2/2	3.000 ✓	Berrót
-	Hennes	B-805	2/2	750 ✓	-
Blágreni	Higwood summi	B-825	2/4	4.790 ✓	-
Sveigfura				200 ✓	-
Svartgreni	Bagder	B-895	2/2	250 ✓	-
Birki	Mörk Hall.	B-946	2/2	150 ✓	-
Stafafura	Skagway	C-023	1/2	12.120 ✓	-
		Alls grs.		270.190 273.110	
<i>Flyóðdæll</i>					
<i>Sib. lerki</i>	<i>Jönsberg</i>	<i>105</i>	<i>2/0</i>	<i>47.125</i>	

78.01.24.B.P.

6. Áætlað til dreifsetningar árið 1984

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Sitkagreni	Sandbrekka	c-087	2/o	5.200- ótalið	1 1/2 kassi
Rauðgreni	Moem	c-111	2/o	5.000	1 kassi
Birki	Hrafnsgerði	c-077	2/o	14.000	5 pokar
Broddfura	Hall Cordova	c-103	2/o	2.500	4 -
Blágreni	Río Grande	c-118	2/o	18.900	4 -
Reyniviður	Hall		1/o	10.000	6 -
Fjallapínur	Fairbanks Skagway	c-081	2/o	7.000	4 -
				<i>Plus áætlað 63.200</i>	
<u>Móband</u>					
Sitkagreni	Sandbrekka	c-087	2/o	ótalið	1 poki
Rauðgreni	Moem	c-111	-	-	1 -
Blágreni	Rio grande	c-118	-	-	1 -
Reyniviður	Hall		1/o	-	2 -
Birki	Hrafnsgerði	c-077	2/o	-	1 -
Fjallapínur	Skagway	c-081	-	-	1 -
Broddfura	Hall Cordova	c-103	-	-	1 -

